

30. nóv. 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn og athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009- 2013, 200. mál.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009- 2013.

Starfssvæði samtakanna er Árnes- Rangárvalla- og V- Skaftafellssýsla og miðast umsögn NSS við það landssvæði. Stjórn NSS fagnar framkominni tillögu, svo langt sem hún nær, en vill gera eftirfarandi athugasemdir:

#### Kafli II Dýrasvæði.

##### c liður. Hvannstöð undir Reynisfjalli. Búsvæði brekkubobba.

NSS vekur athygli á að áform um vegaframkvæmdir og jarðgöng gegn um Reynisfjall geta hugsanlega verið ógn við dýralífið í hvannstöðinu þar sem viðbúið er að um mikið rask verði að ræða á jarðvegi og gróðri í fjallshlíðinni ef til framkvæmda kemur.

#### Kafli III Vistgerðir á hálendinu

##### a liður. Rústamýravist

NSS fagnar tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum og leggur mikla áherslu á að tillagan verði sem fyrst að veruleika og þannig aflétt þeirri ógn sem svæðinu stafar af virkjanaáformum.

##### b liður. Breiskjuhraunavist

##### Svæði í Skaftártungu og á Síðuafrétti ( sem verða hluti af Vatnajökulspjóðgarði)

NSS leggur áherslu á að mun stærra svæði á Síðuafrétti en tillagan kveður á um verði sem fyrst hluti af Vatnajökulspjóðgarði, þ.e. allur efri hluti Skaftáreldahraunsins milli Hverfisfljóts og Skaftár. Um er að ræða merkar heimsminjar og mikilvægt er að vernda þetta svæði sem heild vegna þeirrar hættu sem því getur stafað af ágangi, jarðraski og virkjanaframkvæmdum.

#### Kafli IV Jarðfræðisvæði


##### a liður. Langisjór og nágrenni ( verður hluti af Vatnajökulspjóðgarði)

NSS leggur áherslu á að vesturmörk svæðisins nái að a.m.k. að Tungnaá þannig að öll Tungnaárfjöllin verði innan Vatnajökulspjóðgarðs. Ennfremur er bent á Snjóöldufjaligarð og Veiðivötn vestan Tungnaár. Allt þetta svæði myndar jarðfræðilega heild og er merkilegt og einstætt á lands- og heimsvísu.

NSS vekur einnig athygli á að syðri hluti Eldgjár er utan svæðisins sem lagt er til að verði friðað. Það svæði er ekki síður merkileg jarðmyndun en norðurhlutinn og ætti einnig að verða hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Friðland að fjallabaki ásamt Mælifellssandi og nærliggjandi svæði ætti einnig að líta á sem hluta af landslagsheild á þessu svæði.

Öllum fyrrnefndum svæðum stendur mikil ógn af virkjanaáformum.

Virðingarfyllt,

  
f.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Suðurlands  
Ólafía Jakobsdóttir formaður.

